

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagi í Húnabyggð.

*Deiliskipulag Svínvetningabrautar, viðskipta- og þjónustusvæði.*

Sveitarstjórn Húnabyggðar samþykkti 10. mars 2026 nýtt deiliskipulag við Svínvetningabraut fyrir viðskipta- og þjónustusvæði. Skipulagið varðar afmörkun lóðar og byggingarreita vegna áforma um uppbyggingu tengda verslun og þjónustu, þ.m.t. fjölorkustöðvar. Heildarbyggingarmagn á reitum A og B er 3.150 m<sup>2</sup> á 1-2 hæðum, að hámarki 8 metra há. Heimilað er að reisa þrjú upplýst auglýsingaskilti innan lóðar að hámarki 8 metra há. Skilgreind er aðkoma að svæðinu frá Þjóðvegi og Svínvetningabraut.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag Undraveraldar við Blöndubakka frá 2006.

Málsmeðferð var í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Húnabyggð, 14. apríl 2026.*

**Börkur Þór Ottósson**, skipulags- og byggingafulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 29. apríl 2026